

örorku að stríða. Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld eða á annan hátt skipt um eiganda, skal sveitarstjórn heimilt að leggja gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum kröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð frá 25. október 1983 um gatnagerðargjöld í Stöðvarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið 23. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79, 5. mars 1982, um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílastjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagna Vörubílastjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.